

Ed. **858. Frumvarp til laga** [286. mál]
um breyting á lögum um ferðamál, nr. 4 14. febr. 1969.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.
Í stað orðanna „allt að 40 millj. króna“ í 2. mgr. 27. gr. laganna komi: allt að 73 millj. kr.

2. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni hæstvirts samgöngumálaráðherra og í samráði við fjármálaráðherra. Alþingi samþykkti fyrir skömmu frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 19. maí 1971, þar sem lántökuheimild Ferðamála-sjóðs var hækkuð úr 40 millj. kr. í 48 millj. kr. vegna ársins 1971. Nú er lagt til, að lántökuheimildin verði hækkuð í 73 millj. kr.